

STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hallgríms Kristinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms. og kirkju-  
 málaráðherranum 24. júní 1924. Skipulagsskráin er þannig: 42  
24. júní

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Hallgríms Kristinssonar.**

### 1. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 12000,00:

- a. 10000 krónur, er Samband íslenskra samvinnufjelaga hefir ákveðið að leggja fram, og skal það fje ávaxtað í Söfnunarsjóði Íslands.
- b. 2000 króna framlag Kaupfjelags Eyfirðinga, er skal haldast sem sjerstök deild í sjóðnum, og ávaxtast sem veltufje í Kaupfjelagi Eyfirðinga. Innstæðuna og það, sem við hana bætist síðar, má aldrei skerða. Skulu  $\frac{3}{4}$  vaxtanna leggjast við höfuðstólinn,  $\frac{1}{4}$  vaxtanna útborgast árlega til stjórnar sjóðsins.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla samvinnumentun og styðja framfarir í verklegum eignum. Vöxtum þeim, er koma til útborgunar, má verja til þeirra fyrirtækja, er hjer greinir:

1. Utanfarir efnilegra manna til að kynnst samvinnufjelagsskap og nýjungum í verknaði annara landa.
2. Nýjar aðferðir eða tilraunir til að gera afurðir landsins útgengilegri og verðmeiri á erlendum markaði.
3. Sýningar á íslenskum framleiðsluvörum, hvort sem þær eru ætlaðar til útflutnings eða notkunar innanlands.
4. Þýðingar á úrvalsritum eftir merka samvinnufrömuði og aðra umbótamenn meðal erlendra þjóða.
5. Náms skeið, fyrirlestrar og umræðufundir um grundvallaratriði samvinnufjelagsskapar og annara fjelagsmála.
6. Tímarit um samvinnumál, er meðal annars fróðleiks hafi að geyma yfirlitsreikninga og hagskýrslur samvinnufjelaga.

### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum. Í henni eiga sæti formaður og forstjóri Sambandsins og framkvæmdarstjóri Kaupfjelags Eyfirðinga. Stjórnin ráðstafar vöxtum þeim, er koma til útborgunar ár hvert, og leggur skýrslu um úthlutunina fyrir næsta aðalfund Sambandsins.

**42** Heimilt er að safna saman vöxtum fyrir fleiri ár í senn, og veita  
**24. júní** meira fje í einu lagi.

4. gr.

Formaður sjóðstjórnarinnar semur reikning um tekjur og gjöld sjóðs-  
 ins fyrir hvert almanaksár. Skal hann endurskoðaður af hinum kjörnu endur-  
 skoðendum Sambandsins.

Reykjavík og Akureyri, í apríl 1924.

*Ólafur Briem. S. Kristinsson. Vilhjálmur Þór.*

**43**  
**27. júní**

**S A M Þ Y K T**

um

**breytingu á byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík 7. sept. 1903.**

*5. gr. samþykktarinnar orðist svo:*

Hver sá, er vill reisa hús, breyta því eða gjöra önnur mannvirki á  
 lóð sinni, skal senda byggingarnefndinni skriflega beiðni um það.

Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing á öllu því, sem nauðsynlegt er til  
 sönnunar þess, að verkið fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar og þeim regl-  
 um, sem settar eru. Beiðninni skulu og fylgja í tveim eintökum:

a. Uppdráttur af hinni fyrirhuguðu byggingu eftir mælikvarða að minsta  
 kosti 1:100. Á uppdrætti af húsum skal draga grunnmyndir af öllum  
 hæðum hússins ásamt kjallara, er sýnir einstök herbergi og til hvers þau  
 skulu notuð, aðalhlið hússins og þann gafl, sem mest ber á, ef húsið er  
 ekki í sambygðri húsaröð, svo og minst eina sneiðingu af húsinu, og skulu  
 öll aðalmál rituð á uppdráttinn, svo og þykkt burðarveggja o. s. frv. Sje  
 um annað mannvirki að ræða, skal uppdráttur glögglega sýna alla gerð,  
 stærð og lögun þess, og við breytingu á húsi eða mannvirki skal uppdráttur  
 sýna fyrirkomulagið fyrir og eftir breytinguna.

Sjeruppdrætti skal gjöra eftir mælikvarða að minsta kosti 1:20 af  
 þeim hlutum húsa og mannvirkja, sem gerðir eru úr járnbentri steypu eða  
 eru frábrugðnir almennri venju og skal fylgja glögg yfirlýsing og styrkleika-  
 útreikningur.

b. Uppdráttur af lóð þeirri, sem byggja skal á, eftir mælikvarða að minsta  
 kosti 1:500, er sýni afstöðu til gatna og nágrannalóða og þau mannvirki,